



Fundargerð stjórnar HSÍ

Fimmtudaginn 27. júní 2024



Fyrsti fundur 67. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, fimmtudaginn 27. júní 2024 kl. 12.00.

Mætt voru: Guðmundur B. Ólafsson, Bjarni Ákason, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, Reynir Stefánsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Fundarmál stjórnar
GBO bauð nýja stjórnarmenn velkomna og fór yfir fundartíma og hlutverk stjórnar sem og starfsemi skrifstofu HSÍ. Eins var rædd staða starfsmannamála og styrktaraðila.
 - b. Verkefnin framundan
RG kynnti þau verkefni sem eru framundan hjá landsliðunum okkar en stórt sumar er framundan og er u20 ára landslið kvenna að standa sig frábærlega á HM í Makedóníu.
3. Staða sjónvarpsmála
GBO og RG röktu stöðu sjónvarpsmála og stöðuna sem er uppi. RG og RS munu vinna málið áfram og það verður fundur í næstu viku. Þá er RG að ganga frá samningi við RÚV varðandi landslið og bikarkeppni.
4. Skipun nefnda
Nefndarformenn eru beðnir um að koma með tillögu að nefndarskipan fyrir næsta fund stjórnar sem verður í ágúst.
5. Breyting á reglugerð
RG kynnti breytingar á reglugerð eftir ályktanir ársþings HSÍ. RG og RS klára nýjar reglugerðir.
6. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari